




Stöng í Þjórsárdal, ásýnd og umhverfi, hugmyndasamkeppni Keppnislýsing



Fornleifavernd
ríkisins



Skeiða- og
Gnúpverjahreppur



ARKITEKTAFÉLAG
ÍSLANDS

júlí 2012

Efnisyfirlit

1.0. Almenn atriði	3
1.1. Inngangur	3
1.2. Fornleifarnar í dalnum	3
1.3. Gestakomur.....	5
2.0. Lýsing verkefnis	7
2.1. Almennt	7
2.2. Umgengni um fornleifar	7
2.3. Staðhættir	7
Náttúrfar, veðurfar	7
Umhverfi – „andi staðar“.....	7
2.4. Keppnislýsing.....	8
Almennt	8
Markmið.....	9
2.5. Áherslur dómnefndar.....	10
3.0. Tilhögun samkeppninnar	11
3.1. Samkeppnisform.....	11
3.2. Páttökuréttur	11
3.3. Verðlaun.....	11
3.4. Tungumál	11
3.5. Afhending samkeppnisgagna	11
3.6. Samkeppnisgögn	11
3.7. Samkeppnistillögur	12
3.8. Fyrirspúnir.....	12
3.9. Skilafrestur, merking og afhending tillagna	12
3.10. Dómnefd og ritari dómnefndar.....	13
3.11. Trúnaðarmaður	13
3.12. Úrslit.....	14
3.13. Sýning.....	14
3.14. Afhending keppnistillagna	14
3.15. Hagnýting keppnistillagna	14
3.16. Varðveisla keppnistillagna	14
3.17. Samþykki keppnislýsingar	15
Heimildaskrá:	16

1.0. Almenn atriði

1.1. Inngangur

Fornleifavernd ríkisins í samvinnu við Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Arkitektafélag Íslands efnir til samkeppni um tillögur að hönnun ásýndar og umhverfis fornleifa sem eru við Stöng í Þjórsárdal.

Um fornleifar gilda þjóðminjalög nr. 107/2001. Málflokkurinn heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra sem felur Fornleifavernd ríkisins umsjón og eftirlit fornleifa landsins. Fjallað verður nánar um þau lögbundnu ákvæði þjóðminjalaga, sem hafa verður í huga við hönnunina. Í kfla 2.1.



Mynd 1. Skállinn í Stöng.



Mynd 2. Fjós, fallið og uppblásið. Hellur sem aðgreina bása liggja á hlíðinni.

Stöng í Þjórsárdal er ein rúmlega 700 fornleifa sem þjóðminjavörður friðlýsti á þriðja áratug liðinnar aldar.¹ Yfirbyggingin, sem nú er í Stöng, er frá árinu 1957. Hún þjónar ekki lengur þeim tilgangi sínum að vernda minjarnar, þar sem gjóska og vatn eiga greiðan aðgang inn í rústirnar. Við Stöng eru einnig sýnilegar leifar smiðju og fjóss sem ekki eru varðar með yfirbyggingu. Minjarnar eru úr lagi gengnar og að blásá upp.

Auk Stangar er fjöldi annarra fornleifa í dalnum og verður nánar gerð grein fyrir þeim í kafla 1.2.

Þjóðminjalög kveða á um að vernda beri fornleifar landsins, halda þeim við og skila þeim í góðu ástandi til komandi kynslóða (1. gr. 1. mgr. og 17. gr. laga nr. 107/2001). Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þjóðminjalaga ber einnig að gera minjarnar aðgengilegar fyrir almenning og miðla upplýsingum um bær og er verkefninu sem hér er kynnt ætlað að uppfylla þau markmið.

1.2. Fornleifarnar í dalnum

Færa má rök fyrir því að fornleifarannsóknir sem gerðar voru í Þjórsárdal árið 1939, og beindust fyrst og fremst að rannsóknum á gerðbrúunarfræði bygginga, séu fyrstu visindalegu

Águst Ó. Georgsson, 1990.

fornleifarannsóknirnar sem gerðar voru á Íslandi. Segja má að Þjórsárdalur sé vagga íslenskrar fornleifafræði því þar var lagður grunnurinn að greininni eins og við þekkjum hana í dag. Ekki einvörðingu lærðu íslenskir fornleifafræðingar vísindalegar aðferðir við uppgröft og skráningu uppgraftargagna af reynslumíklum norrænum fornleifafræðingum, heldur hófst einnig farsælt samstarf við aðrar fræðigreinar. Sigurður Þórarinsson þroaði aðferð við aldursgreiningu jarð- og mannvistarlaða út frá gjóskulögum í dalnum, mannabein úr Skeljastaðakirkjugarði voru rannsokuð af dr. Jóni Steffensen lækni. Ein fyrsta kerfisbundna fornleifaskráningin á Íslandi var gerð í Þjórsárdal upp úr miðri 19. öld af Brynjúlf Jónssyni frá Minna-Núpi.² Þjórsárdalurinn skiptir því miklu máli varðandi sögu fornleifafræði. Rústir Stangar voru fyrstu fornleifar sem byggt var yfir á Íslandi og þær með því gerðar aðgengilegar fyrir ferðamenn. Það var gert þegar árið 1939 en svo var reist önnur yfirbygging árið 1957 og stendur hún enn.³

Talið er að byggð hafi að mestu lagst af í Þjórsárdal, með hléum, af völdum nokkurra eldgosa, og er talið að gosin sem höfðu hvað mest áhrif á byggðarþróun séu gosin í Heklu árið 1104 og 1693 en einnig hugsanlega á 13. öld eins og komið verður að síðar í kaflanum.⁴ Á sumum bæjunum lagðist byggð af tímabundið en annars staðar hefur ekki verið búið frá um 1100. Byggðarsaga dalsins er enn nokkuð þokkennd þar sem minjarnar hafa ekki verið rannsakaðar til hlitar. Svo virðist sem að um miðja 19. öldina hafi miklar rústir farið að verða sýnilegar vegna upplásturs. Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi upplifir sig greinilega eins og í timavél þegar hann er að skrá rústirnar á 7. áratug 19. aldar. Það má imynda sér að honum hafi þótt sem Þjórsárdalur hafi verið frystur á víkingaöld og sé smám saman að þiðna. Það hefur því lengi legið ævintýrablær yfir dalnum.⁵

Hugmynd um uppgröft i Þjórsárdal, sem allar Norðurlandaþjóðirnar kæmu að, kvíknaði árið 1932 þegar Poul Nørlund og Mårten Stenberger höfðu viðrvöl á Íslandi eftir að hafa rannsakað bæ Eiriks rauða í Brattahlíð í Grænlandi. Úr rannsóknunum varð árið 1939 en þá grófu, danskir, sœnskir, finnskir og íslenskir sérfræðingar upp sex staði í Þjórsárdal (Skallakot, Stöng, Snjáleifartóttir, Áslákstungu fremri, Skeljastaði og Stórhólshlíð) og two í Borgarfirði (Ísleifsstaði og Lund).⁶ Afstöðu minja í Þjórsárdal má sjá á mynd 4.

Rannsóknirnar árið 1939 eru ekki einu uppgreftirnir sem gerðir hafa verið í Þjórsárdal. Þorsteinn Erlingsson gróf í dalnum í lok 19. aldar og rannsakaði m.a. Sámsstaði, Skeljastaði og Áslákstungu innri.⁷

Síðari tíma uppgreftir í Þjórsárdal eru fornleifarannsóknir Kristjáns Eldjárns í Sandártungu árið 1949 og Gjáskogum, sem hann stundaði með hléum 1949-1960. Sú rannsókn sést í kvíkmynd um Þórsárdal sem Ósvaldur Knudsen tók. Sámsstaðarannsókn á árunum 1971-1972 sem dr. Sveinbjörn Rafnsson stýrði, rannsóknir Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar í Stöng á

² Brynjúlfur Jónsson, 1885.

³ Kristján Eldjárn, 1971.

⁴ Kristján Eldjárn, 1949-50. Sigurður Þórarinsson, 1976.

⁵ Brynjúlfur Jónsson, 1885.

⁶ Stenberger, M. 1943.

⁷ Þorsteinn Erlingsson, 1899.

níunda og tíunda áratug liðinnar aldar og rannsóknir Fornleifastofnunar Íslands ses, Hildur Gestsdóttur og Stumman Hansen upp úr aldamótum 2000.⁸

Rannsóknir Vilhjálms Arnar í Stöng stóðu með hléum í nokkur ár. Grafnir voru könnunarskurðir í gólf bæjarrústarinnar en rannsóknirnar beindust fyrst og fremst að svæði austan bæjarins, milli hans og útihúsanna (fjóss og smiðju) sem rannsökuð voru 1939. Rannsókn Vilhjálms Arnar leiddi m.a. í ljós leifar kirkju, kirkjugarðs og smiðju. Vilhjálmur færði rök fyrir því að Stangarbærinn væri yngri en áður var talið, eða frá 13. öld en ekki 11. öld, en sérfraðingar í gjóskulagafraeðum eru ekki sammála honum um þá niðurstóðu.⁹ Ljóst er að eldri minjar en þær sem eru sýnilegar eru enn huldar jarðvegi í Stöng.¹⁰

Byggðarsaga Þjórsárdals er hreint ekki fullrannsökuð en ljóst er að í Þjórsárdal er fjöldi spennandi fornleifa sem er æskilegt að gerðar séu aðgengilegar og skiljanlegar almenningi. Heildarskráningu fornleifa í dalnum er ekki lokið en skráning sem unnin var á vegum Fornleifaverndar ríkisins fyrir nokkrum árum bendir til þess að í dalnum séu yfir 100 minjar.¹¹

1.3. Gestakomur

Þjórsárdalur er nokkuð fjölsóttur ferðamannastaður og fer gestum þar ört fjölgandi ár frá ári enda margt að sjá, falleg náttúra og einstakir sögustaðir. Mikill fjöldi leggur leið sína að Hjálparfossi, Háafossi, í Þjóðveldisbæinn og ekki síst að Stöng og gengur þaðan upp í Gjána. Síðastliðið sumar bættust við tvær sýningar til að skoða, Þjórsárstofa í Árnesi og margmiðlunarsýning í Búrfelli. Í Þjórsárdalsskógi hafa verið gerðir göngustigar og áningarstaðir. Þótt aðgengi að Stöng sé slæmt, þar sé enginn eftirlits- eða leiðsögumaður og afleggjaranum frá Þjórsárdalsvegi að Stöng sé lítið haldið við, þá flykkjast ferðamenn þangað.

Í hvert sinn sem komið er að Stöng yfir sumartímann er þar fjöldi fólks á gangi, bílar og rútur á ferðinni auk hestahópa. Undanfarin ár hafa verið gerðar nokkrar úrbætur á stigum í nágrenni Stangar, en rústirnar sjálfar sem eru mikið aðdráttarafl þarfnað viðhalds og umönnunar. Þar er ágangur mikill af gestum og einnig áhrif af veðri og vindum. Mikilvægt er að gera áætlanir til lengri tíma, skoða svæðið í samhengi sem heild ásamt því að byggja upp og viðhalda jafnt og þétt. Tilfinnanlega vantar hreinlætisaðstöðu á svæðinu.

Fornleifavernd ríkisins hefur skilið eftir gestabækur undanfarin ár í Stöng og eru þær fljótar að fyllast af nöfnum íslenskra og erlendra ferðamanna.¹² Mikill fjöldi Frakka, Ítala og Þjóðverja virðast skoða minjarnar, auk enskumælandi og skandinavískra ferðamanna. Stöng er nefnd í ferðamannabæklingum og vel kynnt á vefnum og þekkt úr bókum um sögu og fornleifar, jafnt innlendum sem erlendum.¹³ Gerðar voru óformlegar kannanir á hve margir ferðamenn komu í Stöng á árunum 2006 og 2008 og í gestabækur Stangar skráðu sig um

⁸ Kristján Eldjárn, 1961; Sveinbjörn Rafnsson; Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, 1989; 1995 og 1996; Stummann Hansen, S. & Orri Vésteinsson, 2002.

⁹ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, 1989, 1995, 1996; Karl Grönvold, 1994.

¹⁰ Stenberger, 1943.

¹¹ Agnes Stefánsdóttir og Sólborg Una Pálsdóttir, 2008-2009.

¹² Gestabækur úr Stöng, 2010.

¹³ Stenberger, 1943; Kristján Eldjárn, 1947; Kristján Eldjárn, 1982; Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, 2009.

3000 manns í hverjum mánuði á tímabilinu júní til september þessi ár.¹⁴ Gestirnir komu fyrst og fremst í einkabilum, en mikill fjöldi hópferðabifreiða hefur einnig viðkomu við Stöng.

Kannanir Rögnvaldar Guðmundssonar hjá Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, sýna að yfir 80% erlendra ferðamanna hér á landi hafa áhuga á sögu og menningu Íslendinga. Um 60% þeirra heimsækja sögulega staði. Samkvæmt könnun RG má ætla að um 36.000 erlendir gestir og 20.000 íslendingar hafi komið í Þjórsárdal árið 2002.¹⁵

¹⁴ Gestabækur, 2010.

¹⁵ Rögnvaldur Guðmundsson, 2002 og 2010.

2.0. Lýsing verkefnis

þjóðminjalygja Á.I.

2.1. Almennt

Með verkefninu sem hér er kynnt er minjastaður á Íslandi í fyrsta skipti hannaður heildrænt með hliðsjón af umhverfisþáttum og með það í huga að gera hann aðgengilegan og áhugaverðan fyrir almenning. Hér er því um frumkvöðlaverkefni að ræða. Áhugi er fyrir að gera sem flestar af fornleifunum í dalnum aðgengilegar fyrir ferðamenn á næstu árum. Hugsanlegt er að yfirfæra megi hugmyndina að fullu eða að hluta yfir á aðrar fornleifar í dalnum. Markmiðið er að nýta megi lausnina sem tillögu að því hvernig megi vinna að svipuðum verkefnum í framtíðinni á öðrum íslenskum minjastöðum.

2.2. Umgengni um fornleifar

Um fornleifar á Íslandi gilda þjóðminjalög nr. 107/2001¹⁶. Í 1. gr. laganna er lögð áhersla á að íslenskum menningararfi, þ.m.t. fornleifum, sé skilað óspilltum til komandi kynslóða. Í 14. gr. laganna er fjallað um rask, eins og vænta má að verði vegna framkvæmda í Þjórsárdal. Þar kemur m.a. fram að allt rask eða framkvæmdir hafa í för með sér einhverjar fornleifarannsóknir, mis umfangsmiklar eftir aðstæðum. Því er ljóst að rannsóknir á fornleifum þurfa að fara fram í Stöng samhlíða framkvæmdunum þar. Óskað er þó eftir að hönnunin geri ráð fyrir sem minnstu raski á fornleifum.

2.3. Staðhættir

Náttúrfar, veðurfar

Staðurinn er mjög veðursæll á sumrin. Vetur og aðrar árstíðir eru umhleypingasamar. Stöng er í nágrenni við Heklu og benda rannsóknir til þess að það séu gos úr fjallinu sem fyrst og fremst urðu til þess að fólk flutti úr Stöng og öðrum bæjum í dalnum. Gera verður ráð fyrir gjóskufalli vegna eldgosa úr Heklu í Stöng og er nauðsynlegt að byggingar á svæðinu standist slikt álag.

Jarðvegurinn kringum Stöng er fyrst og fremst gjóska, en þunnur moldarjarðvegur og gras hafa myndast á gjóskunni í gegnum aldirnar. Svæðið blæs auðveldlega upp. Hluti af nánasta umhverfi rústanna er jarðvegur frá fyrri tíma uppgreftri. Þó nokkuð er af birkitrjám í nánasta umhverfi Stangar og fjölbreytileiki gróðurs er umtalsverður á svæðinu, bæði meðfram ánni svo og í næsta nágrenni. Nauðsynlegt er að í tillögum verði tekið mið af gróðurfari, jarðvegi og jarðmyndunum varðandi þolmörk umferðar um svæðið.

Umhverfi – „andi staðar“


Stöng er fjarri mannabyggð og upplifunin sérstök að koma í kyrrðina sem er við minjarnar. Náttúran er einstök, litríkar auðnir en einnig gróður og hefur svæðið mótað af eldgosum undanfarinna árpúsunda. Stöng og umhverfið er saga blómlegrar byggðar og lýsandi dæmi um baráttu mansins við náttúruöflin, Pompei Íslandssögunnar. Saga til að snerta.

¹⁶ Lög nr. 107/2001.

2.4. Keppnislýsing

Stórhóllar og Stöng 0.5

Almennt



Mynd 3. Afmörkun á svæði sem samkeppnin nær yfir. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Keppnissvæðið nær yfir hólinn sem Stöng stendur á og frá honum yfir ána eins og fram kemur á mynd 3. Aðkoma að svæðinu, frágangur bilastæða og salerni fyrir gesti er einnig hluti af verkefninu. Afmörkun keppnissvæðisins er innan svarta rammans sem markaður er á mynd 3. Sýnilegar minjar á hólnum eru; bæjarhúsin í Stöng, smiðja og fjós austan við bæjarhúsin. Vitað er um fleiri minjar á svæðinu, þeirra á meðal kirkju, kirkjugarð og aðra smiðju. Þær minjar voru grafnar upp í lok 20. aldar og leifar þeirra huldar jarðvegi að lokinni rannsókn, þannig að þær eru ekki sýnilegar á yfirborði, en það má fræðast um þær minjar og

sjá afstöðu þeirra til annarra minja í skýrslum frá þeim tíma.¹⁷ Eins og staðan er nú, þá koma flestir gestir inn í Stangarbaeinn, en fáir skoða fjósið og smiðjuna sem grafin voru upp 1939, því það er ekkert sem leiðir gesti að minjunum auk þess sem ástandið á þeim er ekki gott.

Samtímis því að svæðið verður lagfært þarf að laga hinum eiginlegu rústir sem eru sýnilegar. Torfveggirnir sem eru hlaðnir ofan á steinana inni í Stöng eru ekki upprunalegir, né allar steinahleðslurnar. Laga þarf eldstæði og steina í gólf. Gert er ráð fyrir að grafnir verði þverskurðir í minjunum til að kanna betur aldur þeirra. Til þess að fylgjast með komu ferðamanna í Stöng hefur verið gestabók undanfarin ár í rústunum sem fólk hefur getað skrifasemdir athugasemdir í. Það væri áhugavert ef hægt væri að halda því áfram og hafa pláss fyrir slika bók. Eins hefur verið söfnunarbaukur í Stöng, fyrir frjáls framlög gesta. Það sem í baukinn hefur borist hefur verið notað til að dytta að fornleifunum. Það er einnig æskilegt að gert sé ráð fyrir slikum bauk einhvers staðar á svæðinu.

Markmið

Eftirfarandi atriði eru meginmarkmið verkefnisins:

- Að færa rústir Stangar í upprunalegt horf og sýna þær fornleifar sem í ljós komu við uppgröftinn 1939. Þjóðveldisbærinn gegnir hlutverki tilgátuhúss þar sem sýnt er hvernig talið er að bærinn að Stöng hafi verið
- Að reisa yfirbyggingu til að verja fornleifarnar gegn veðrun, vindi og að gjóska og vatn renni inn í rústirnar
- Að hönnunin taki mið af því að þetta sé staður þar sem fólk kemur og skoðar fornleifar og nýtur umhverfisins og kyrrðarinnar.
- Að miðlun taki mið af því að ekki er um upplýsingamiðstöð að ræða en miðla þurfi upplýsingum til mismunandi markhópa. Ekki er gert ráð fyrir gæslufólki á svæðinu þannig að miðlun um minjarnar þarf að vera vel aðgengileg og skýr
- Að leggja áherslu á að svæðið komi til með að þola mikla umferð ferðamanna hvort sem um mannvirki, stíga eða gróður er að ræða og að ferðamenn geti komist um hólinn milli fornleifa sem þar eru
- Að svæðið verði aðgengilegt fyrir sem flesta, en þó þannig að sérkenni þess fái haldið sér og að sem flestir komist að fornleifunum. Æskilegt er að allir komist á einhvern einn stað þar sem hægt er að njóta áhrifa staðarins og upplýsinga um fornleifarnar
- Að leitað verði lausna sem fela í sér lítið viðhald og þar af leiðandi lítinn viðhaldskostnað
- Að hönnunin geri grein fyrir hentugri aðkomu að hólinum sem fornleifarnar eru á frá númerandi vegi, m.a. fyrirkomulag bílastæða, salernisaðstöðu og hvernig komast á frá veginum að fornleifavæðinu
- Að gera ráð fyrir aðstöðu til að borða nesti og njóta svæðisins – en þó ekki þannig að það truflí upplifun annarra gesta af svæðinu
- Að sýna hvernig tengja má svæðið við aðrar fornleifar og náttúruperlur í nágrenninu

¹⁷ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, 1989, 1985, 1986 og 2009.

2.5. Áherslur dómnefndar

Dómnefnd metur tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirliggjandi samkeppnislysingu og gögnum sem þar er vísað til. Dómnefnd leggur höfuðáherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á úrlausnum:

- Heildarlausn fyrir svæðið sem skili góðri og vandaðri byggingarlist og að yfirbragð staðarins verði i samræmi við mikilvægi hans
- Snjallar og frumlegar lausnir, á umgjörð um fornminjarnar, þar sem þær eru verndaðar en jafnframt gerðar almenningi aðgengilegar á áhugaverðan hátt.
- Aðkomu að svæðinu, allt frá vegi að Stangarhólnum
- Fyrirkomulag bygginga og umferðarleiða og aðlögun þeirra að umhverfinu
- Lausnir sem eru ákjósanlegar með tilliti til endingar, viðhalds og umhverfis- og vistfræðiþáttu
- Aðgengismál

3.0. Tilhögun samkeppninnar

3.1. Samkeppnisform

Samkeppnin er almenn hugmyndakeppni samkvæmt skilgreiningu Arkitektafélags Íslands og er opin öllum þeim sem uppfylla skilyrði keppnislysingar, sbr. kafla 3.2 Þátttökuréttur. Útbjóðandi stefnir að því að nýta þá hugmynd sem fær fyrstu verðlaun og semja við höfund vinningstillögu um áframhaldandi útfærslu hennar.

3.2. Þátttökuréttur

Þátttaka í samkeppninni er öllum heimil öðrum en dómurum, ritara dómnefndar, ráðgjafa og trúnaðarmanni, þeim sem rekur teiknistofu með þeim, vinnur að verkefnum með þeim eða eru þeim nátengdir. Vafatilfelli skal bera undir stjórn Arkitektafélags Íslands.

3.3. Verðlaun

Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð kr. 3.000.000.- án vsk. Veitt verða þrenn verðlaun og verða fyrstu verðlaun ekki lægri en kr. 1.500.000.- Dómnefnd er heimilt að veita einstökum tillögum viðurkenningu án peningaverðlauna.

3.4. Tungumál

Tungumál þessarar samkeppni er íslenska.

Allur texti innsendra tillagna skal vera á íslensku.

3.5. Afhending samkeppnisgagna

Keppnislysing þessi verður aðgengileg á vef Arkitektafélags Íslands, www.ai.is, á vef Félags íslenskra landslagsarkitekta, www.fila.is og á vef Fornleifaverndar ríkisins, www.fornleifavernd.is, frá og með 12. júlí 2012. Samkeppnisgögn verða afhent, gegn 5.000.- kr. skilagjaldi, frá og með 12. júlí 2012 á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateigi 9, Reykjavík, á milli kl. 09:00 og 13:00 virka daga. Skrifstofan er þó lokað á tímabilinu frá 16. júlí til 7. ágúst og á því tímabili er hægt að nálgast gögnin með því að hafa samband við trúnaðarmann samkeppninnar í síma 899 6225 eða með tölvupósti á netfangið harh@simnet.is

3.6. Samkeppnisgögn

Samkeppnisgögn eru:

1. Keppnislysing þessi
2. Ljósmyndir frá samkeppnissvæðinu
3. Loftmynd með hæðalínum á tölvutæku formi

Auk þess er bent á eftirfarandi ítarefni:

- Lög nr. 107/2001

- Fornleifavernd á Íslandi, stefna 2006-2011. Sótt á vefsíðina: <http://www.fornleifavernd.is/index.php?pid=180>
- Stefnumótunarskýrsla 2003 http://www.sveitir.is/resources/Files/212_stefna.pdf
- www.gottadgengi.is
- <http://www.sveitir.is> Vefsjá af Þjórsárdal; <http://thjorsa.flashmap.gagarin.is/thjorsa.html>
- Árbók Fi frá 1996 – Ofan Hreppafjalla.
- Menningarstefna í mannvirkjagerð sótt á vefsíðina: <http://www.fsr.is/lisilib/getfile.aspx?itemid=6051>
- Góðir staðir, uppbygging ferðamannastaða, sótt á vefsíðina: http://www.ferdamalastofa.is/upload/files/Ferda_katalog_layout_X5_LQ.pdf
- Ferðaþjónusta fyrir alla, sótt á vefsíðina: http://www.ferdamalastofa.is/upload/files/200812311278ferdatjon_fyrir%20_alla.pdf

3.7. Samkeppnistillögur

Keppendur skulu skila eftirfarandi gögnum, bæði útprentuðum og á tölvutæku formi (pdf):

1. Greinargerð, að hámarki 1000 orð, þar sem lýst er megininntaki tillögunnar, helstu forsendum og markmiðum og gerð grein fyrir helstu þáttum hennar. Greinargerðin skal koma fram á tillöguuppdráttum en henni skal einnig skilað í 6 eintökum í arkarstað A4. Tillöguarkir, smækkaðar í A3, skulu vera í greinargerð
2. Skipulagsuppdráttur, með norður upp, í mkv. 1:1000, sem sýnir aðkomu, bílastæði, áningarstað, göngustíga og byggingar á svæðinu
3. Afstöðumynd með norður upp, í mkv. 1:500, sem sýnir fyrirkomulag á hólnum sem fornleifarnar eru á og hans nánasta umhverfi
4. Grunnmynd, skurðmyndir og útlit bygginga í mkv. 1:200
5. Skýringarmyndir að vali keppenda

Tillöguarkir skulu vera í stærð A1 (59,4 x 84,1 cm). Allur texti skal vera vélritaður. Tillöguarkir, þar með taldar arkir með greinargerð, skulu ekki vera **fleiri en tvær** og skal þeim raðað í lárétt (landscape) hvor upp af annarri og skal uppröðun koma greinilega fram á öröknum. Teikningar skulu prentaðar á ógegnsæjan pappír, límdum upp á frauðkarton. Tillöguörkum skal einnig skila á PDF-formi á geisladiski.

3.8. Fyrirspurnir

Fyrirspurnafrestur rennur út á miðnætti 15. ágúst 2012. Fyrirspurnir skal senda til trúnaðarmann samkeppninnar í tölvupósti og mun hann leggja afrit af þeim fyrir dómnefnd. Stefnt er að því að svör við fyrirspurnum liggi fyrir 1. september 2012.

3.9. Skilafrestur, merking og afhending tillagna

1. Tillögum skal skila til trúnaðarmanns, á skrifstofu Arkitekafélags Íslands að Engjateig 9 eigi síðar en 28. september 2012, kl. 18.00 að íslenskum tíma.

- Trúnaðarmaður tekur á móti tillögum kl. 15:00 – 18:00, þann dag, en þeir sem óska eftir að skila tillögum fyrir þennan tíma, skulu hafa um það samráð við trúnaðarmann.
- Við afhendingu tillögu til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merkta auðkennistölu tillögunnar.
- Tillögum skal skila í flötum umbúðum. Umbúðir tillögu skal merkja á sama hátt og tillöguna og á þær skal ritaður fjöldi tillögublaða.
- Teikningum i ramma eða gleri verður ekki veitt viðtaka.
- Nægilegt er að tillögum sé komið í póst eða flugafreiðslu fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni sent til trúnaðarmanns í tölvupósti innan sólarhrings frá auglýstum skilafresti.
- Tillögum verður ekki veitt viðtaka lengur en fimm dögum eftir að skilafresti lýkur.
- Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu í reit 2x5 cm í hægra horni að neðan. Ógegnsætt umslag, merkt sömu tölu og „nafnmiði“ skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skal vera miði með nafni, heimilisfangi og símanúmeri höfundar eða höfunda og samstarfsmanna.
- Ófrávikjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt skv. samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands

3.10. Dómnefnd og ritari dómnefndar

Dómnefnd skipa eftirtaldir:

Tilnefnd af Fornleifavernd ríkisins:

- Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður.

Tilnefndir af Skeiða og Gnúpverjahreppi:

- Gunnar Örn Marteinsson oddviti.
- Pétur Ingi Haraldsson byggingarfulltrúi.

Tilnefndur af Arkitekafélagi Íslands:

- Steinþór Kári Kárason, arkitekt FAÍ.

Tilnefndur af Félagi íslenskra Landslagsarkiteka:

- Auður Sveinsdóttir, landslagsarkitekt, dósent við LBHÍ.

Ritari dómnefndar er Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu. Ráðgjafi dómnefndar er Uggí Ævarsson minjavörður Suðurlands.

3.11. Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands er:

Haraldur Helgason arkitekt FAÍ

Hvassaleiti 74

103 Reykjavík

Sími: 568 2707

897 6874

Netfang: harh@simnet.is

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum skal beint til trúnaðarmanns.

3.12. Úrslit

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum fyrir 20. október 2012. Strax og nafnleynd hefur verið rofin verður öllum keppendum tilkynnt um niðurstöður dómnefndar.

Fréttatilkynning um úrslit verður birt fjöldiðum. Í henni kemur fram hvaða tillögur voru verðlaunaðar og hvorjir eru höfundar þeirra. Jafnframt verður þess getið ef um athyglisverðar tillögur, að mati dómnefndar, er að ræða.

Dómnefnd mun leggja áherslu á að gefa út heildarumsögn um keppnina. Keppendur geta ekki vænst þess að dómnefnd gefi sérálit um aðrar tillögur en þær sem hljóta verðlaun eða viðurkenningar.

3.13. Sýning

Haldin verður sýning á öllum keppnistillögum, sem uppfylla skilyrði keppninnar, við fyrsta tækifæri eftir að dómnefnd hefur lokið störfum. Tillögurnar verða sýndar undir höfundarnafni.

Í kjölfar kynningar á niðurstöðum samkeppninnar og opnum sýningar á tillögum verður haldin opinn rýnifundur þar sem dómnefnd fer yfir dóm sinn. Þátttakendur verða sérstaklega boðaðir á þann fund, sem verður haldinn á vegum Arkitektafélags Íslands.

3.14. Afhending keppnistillagna

Að lokinni sýningu geta eigendur tillagna, sem ekki hljóta verðlaun, sótt tillögur sínar á skrifstofu Arkitektafélags Íslands Engjateig 9, 105 Reykjavík.

Útbjóðandi ber ekki ábyrgð á tillögum lengur en 10 daga eftir að sýningu lýkur.

3.15. Hagnýting keppnistillagna

Útbjóðandi öðlast afnotarétt af öllum tillögum er hljóta verðlaun, með þeim takmörkunum sem höfundalög setja. Útbjóðandi stefnir á að gera samning við höfund vinningstillögu um útfærslu hennar og áframhaldandi hönnun.

Útbjóðandi hyggst gefa tillögurnar út í heild sinni, ef þær þykja áhugaverðar að mati dómnefndar. Útbjóðandi öðlast rétt til slikrar útgáfu án þess að greiða höfundum tillagna sérstaklega fyrir útgáfurettinn.

3.16. Varðveisla keppnistillagna

Hönnunarsafn Íslands mun fá eintak af öllum samkeppnistillögum afhent til varðveislu að sýningu lokinni. Eigendur tillagna munu hafa aðgang að þeim að höfðu samráði við starfsfólk safnsins.

3.17. Samþykki keppnislýsingar

Keppnislýsing þessi ásamt samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands er grundvöllur keppnninar.

Keppnislýsingin er samþykkt af Fornleifavernd ríkisins, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, stjórn Arkitektafélags Íslands og dómnefndarmönnum.

Reykjavík, 10. júlí, 2012

Fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins

Kristín Huld Sigurðardóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Hallm. Arnar Marteinsson

Fh. Gunnars Arnar Marteinssonar

Fyrir hönd Arkitektafélags Íslands

Hallmar Sigurðsson

Dómnefnd:

Kristín Huld Sigurðardóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir formaður

Auður Sveinsdóttir

Auður Sveinsdóttir

Fh. Gunnars Arnar Marteinssonar

Pétur Ingi Haraldsson

Pétur Ingi Haraldsson

Steinþór Kári Kárason

Heimildaskrá:

Agnes Stefánsdóttir og Sólborg Una Pásdóttir. 2008-2009. Uppmælingar og skráningargögn yfir Þjórsárdal í vörlu Fornleifaverndar ríkisins.

Águst Ó. Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlystar fornleifar.* Reykjavík: Fornleifafund/Þjóðminjasafn Íslands.

Brynjúlfur Jónsson. 1885. Um Þjórsárdal. Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1884-1885, Reykjavík 1885, bls. 38-60.

Gestabækur úr Stöng. Í vörlu Fornleifaverndar ríkisins.

Karl Grönvold. 1994. Öskulagatímatalið, geislakol, ískjarnar og aldur fornleifa. Árbók hins íslenzka fornleifafélags, 1994, bls. 163-184.

Kristján Eldjárn, 1949-1950. *Tvennar bæjarrústir frá seinni öldum.* Viðauki eftir Sigurð Þórarinsson. Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1949-1950, bls. 102-119.

Kristján Eldjárn, 1961. Bær í Gjáskórum. Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1961, bls. 7-46.

Kristján Eldjárn. 1971. Stöng í Þjórsárdal. Leiðarvísir. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Kristján Eldjárn. 1982. Að setjast í aflgröf. Punktar um smiðjuna í Stöng. Í Eldur er í Norðri, afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum, 8. Janúar 1982, bls. 211-220. Reykjavík: Sögufélag.

Lög nr. 107/2001. Sótt 27.6.2012 á vefslóðina:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html>

Rögnvaldur Guðmundsson. 2002. Gestafjöldi og fistinætur í Þjórsárdal. Glærur unnar af Rögnvaldi Guðmundssyni árið 2003. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf. Dunhaga 5 Reykjavík, s. 5254081/6932915.

Rögnvaldur Guðmundsson. 2010. Erlendir ferðamenn á Íslandi sumarið 2010 og samanburður við sumrin á undan. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf, nóvember 2010. Sótt 10. Febrúar 2011 á vefslóðina:
http://www.ferdamalastofa.is/upload/files/Erlendir_ferdamenn_%20sumar_2010.pdf

Senberger, M. 1943. *Forntida gaardar í Island.* Kaupmannahöfn: Ejnar Munksgaard.

Sigurður Þórarinsson. 1976. Gjóskulög og gamlar rústir. Brot úr íslenskri byggðasögu. Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1976. Reykjavík: Ísafoldarprents miðja, bls. 5-38.

Stummann Hansen, S. & Orri Vésteinsson (ritstj.). 2002. Archaeological investigations in Þjórsárdalur 2001þ Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 1-34.

Sveinbjörn Rafnsson. 1976. Sámsstaðir í Þjórsárdal. Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1976. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiða, bls. 39-120.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 1989. Stöng og Þjórsárdalur-bosættelsens ophør. Hikuin 15, bls. 75-102.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 1995. Ved Helvedes Port, Skalk 1996(4), 11-15.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 1996. Gård og kirke på Stöng i Þjórsárdalur. Refleksioner på den tidligste kirkeordning og kirkeret på Island. J-F. Krøger & H-R. Naley (ritstj.). Kontakter over Nordsjøen fra Merovingertid til slaget ved Hafrsfjord, bls. 119-139. Kramøy.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 2009. Úrvinnsla úr niðurstöðum fornleifarannsókna á Stöng í Þjórsárdal. Áfangaskýrsla fyrir 2009. Sótt á veslóðina:
http://www.postdoc.blog.is/users/3d/postdoc/files/skyrsla_stong_2010_an_kostnadarlida_12602.pdf

Þorsteinn Erlingsson. 1899. Ruins of the Saga Time: being account of travels and explorations in Iceland in the summer of 1895: London: D. Nutt.